

Fundargerð

259. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 6. nóvember 2018 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Heyrúlluplast
- (3) Glerumbúðir
- (4) Aðgerðaráætlun um plast
- (5) Úrvinnslusjóður
- (6) Ráðstöfunaraðili
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Löggð var fram fundargerð síðasta fundar (258. fundar).

Samþykkt

2. Heyrúlluplast

ÓK fór yfir að á stjórnarfundi 2.10.18 var farið yfir erindi frá PNR þar sem fyrirtækið óskaði eftir yfirlýsingu frá því að vera ráðstöfunaraðili við meðhöndlun heyrúlluplasts yfir í að vera þjónustuaðili vegna endurvinnslu PNR. Farið var í heimsókn til PNR þann 16. október sl. Á stjórnarfundi 16. október 2018 sem haldinn var í framhaldi af heimsókn til PNR, fjallaði stjórnin um drög að úttekt sem löggð var fram á fundinum og Verkfræðistofan Efla vann fyrir Úrvinnslusjóð. Þar óskaði stjórn eftir að ÓK gerði tillögu um hvernig staðið yrði að yfirlýsingu hjá PNR yfir í að verða þjónustuaðili sem fellst m.a. í því að Úrvinnslusjóður greiði PNR fyrir fullunnið efni í stað þess að greiða þjónustuaðilum fyrir efni sem þeir fara með til PNR. Þjónustuaðilar munu þá framselja efni til PNR. Verð fyrir móttekið efni til áframhaldandi vinnslu mun því ráðast á markaði á milli PNR og þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs. Á fundinum kom fram að tillagan þyrfti að byggja á almennum skilyrðum/ákvörðunum en ekki sértækum.

Lagt var fram á fundinum:

- (1) Erindi frá PNR um yfirlýsingu til að verða þjónustuaðili við meðhöndlun heyrúlluplasts.

GGÞ
LG *ÓK* *GS*

(2) Ný útgáfa af skýrslu, þar sem það kom í ljós að mistök höfðu verið gerð í útreikningum á birgðum af óunnu efni

(3) Drög að tillögu um yfirfærslu PNR að verða þjónustuaðili í stað ráðstöfunaraðila og önnur atriði sem koma fram í erindinu. ÓK fór yfir „**Minnisblað um breytt fyrirkomulag Pure North Recycling (PNR) gagnvart Úrvinnslusjóði 31.10.2018 - ÓK**“.

Í minnisblaðinu leggur ÓK fram tillögur til að mæta óskum PNR um að verða þjónustuaðili í stað ráðstöfunaraðila við meðhöndlun heyrúlluplasts.

Stjórnarmenn ræddu tillögurnar. Stjórn fer fram á að skýr skil verði milli móttöku á nýju efni og birgða af eldri efnis sem er innan núverandi kerfis þar til núverandi birgðir hafa verið unnar í gegnum verksmiðju PNR til endursölu á markaði.

Stjórn samþykkir þessar tillögur og fela ÓK að ganga til samninga við PNR um að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á heyrúlluplasti. Stjórn mun fá endanlegar tillögur til samþykktar á milli funda í vefpósti áður en tímabundinn verksamningur er gerður milli PNR og Úrvinnslusjóðs.

Dagskrárbreyting: Að ósk HPH er tekinn fyrir liður 5 í dagskrá.

5. Úrvinnslusjóður

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins - Staða mála. HPH spyr hvort að fundur á milli FJR og UAR hafi farið fram um markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs. ÓK sagði frá því að enginn fundur hafi átt sér stað samkvæmt upplýsingum frá UAR. HPH minnti á ábyrgð stjórnarmanna að fylgjast með rekstri og uppgjöri ÚS og því ótækt að ársreikningur fyrir árið 2017 liggi ekki fyrir.

Stjórn lýsir áhyggjum sínum að ekki liggur fyrir ársreikningur 2017 til samþykktar og undaritunar.

GGÞ ítrekar við stjórnarmenn ÚS að láta umbjóðendur þeirra fylgjast með gangi mála. Fulltrúar atvinnulífsins upplýsa að það sé eindreginn vilji að halda rekstrarumhverfi ÚS óbreyttu. HPH telur að halda eigi fund með FJR vegna stöðu mála sem allra fyrst. ÓK falið að fylgja málinu eftir.

3. Glerumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá UAR um glerumbúðir. Þar er óskað eftir að Úrvinnslusjóður vinni tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum um úrvinnslugjald, sem feli í sér að sett verði sérstakt úrvinnslugjald á umbúðagler. Góðfúslega er óskað tillagna eigi síðar en 4. janúar 2019. ÓK minnti á að þetta sé stuttur og ódrjúgur tími til stefnu.

Stjórnarmenn ræddu erindið og rifjað upp hvað áður hefur verið gert í þessu máli. Umræðu frestað.

4. Aðgerðaráætlun um plast

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "EF", "HPEL", "B", and "L".

Meðfylgjandi eru tillögur að aðgerðaráætlun í plastmálefnum sem samstarfsvettvangur afhenti ráðherra fimmtudaginn 1. nóvember 2018.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c0687ce4-dde1-11e8-942e-005056bc4d74>

Frestað

6. Ráðstöfunaraðilar

Lagðar fram tvær umsókn að gerast ráðstöfunaraðili fyrir plastumbúðir samkvæmt skilmálum merktum ÚRSV-XVIII-02. Annar aðilinn er með starfsstöð í Þýskalandi hinn í Hollandi. Umsóknaraðilar óskuðu eftir nafnleynd.

Ráðstöfunaraðilar samþykktir

7. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 4. desember 2018.

Fundi slítið kl. 14.00

Guðlaug Þórunn
Byggingar- og húsnæðisráðgjafi

Þórunn
Lífjón - vaxandi
Álfhei